



ALMANNAHAGSMUNIR
FRAMAR SÉRHAGSMUNUM



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 13. október 2016 · 38. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Hólafjall í Dýrafirði. Mynd: Davíð Davíðsson.



Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*

Traustur grunnur – árangur talar sínu máli



Haraldur Benediktsson.

Engin vafi er á því að kosningar 29. október næstkomandi geta markað djúp spor í vegferð okkar sem þjóðar. Uppbygging eftir efnahagshrunið hefur verið verkefni tveggja kjörtímabila. Á því kjörtímabili sem nú er að enda, hefur tekist að skapa traustan grunn að framtíð okkar.

Þá framtíð byggjum við á stöðugleika. Við berum okkur saman við aðrar þjóðir – það eigum við að gera til að greina samkeppnishæfni okkar. Okkur hefur ekki tekist nægjanlega vel

að festa stöðugleika í okkar þjóðfélagi á undanförunum áratugum.

Á Íslandi er lág verðbólga, á Íslandi er mikil kaupmáttaraukning, á Íslandi er nánast ekkert atvinnuleysi, á Íslandi lækka skattar, á Íslandi hafa skuldir heimila og fyrirtækja lækkað verulega á undanförunum árum. Á Íslandi er nú forsenda fyrir stöðugleika.

Það er á grunni stöðugleika og árangurs í ríkisfjármálastjórn sem við getum nú horft til þess að fikra okkur áfram með nauðsyn-

legar og löngu tímabærar úrbætur á innviðum okkar.

Við horfum þar fyrst og fremst til aukinna framlaga til heilbrigðisþjónustu, til almannatrygginga og ekki síst að auknum framkvæmdum og viðhaldi á samgöngumannvirkjum okkar

Skýr forgangsröðun

Undir forustu Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra, hefur verið kappkostað að koma lagi á ríkisreksturinn. Samhliða hefur útgjöldum ríkissjóðs verið forgangsráðað til að bæta heilbrigðisþjónustu og auka framlög til almannatrygginga. Á kjörtímabilinu hefur síðan verið unnið að endurskoðun á almannatryggingakerfinu. Alþingi er nú á lokametrum að staðfesta þá endurskoðun um leið og ákveðið hefur verið að auka verulega framlög til málaflöksins. Þar er staðfest forgangsröðun til bóta á kjörum eldri borgara og öryrkja. Þeim verður tryggð

300.000 króna framfærsla.

Í fyrsta sinn í mjög langan tíma hafa framlög til heilbrigðismála hækkað að raungildi og það verulega. Hvort heldur til reksturs eða endurnýjunar tækja. Tímamót eru nú við jöfnun á greiðsluþátttöku sjúklinga, óháð sjúkdómum sem er mikið réttlætismál. Það hefur of lengi verið ljóður á okkar kerfi sá mismunur á kostnaðarþátttöku sjúklinga eftir eðli veikinda. Næsta skref hlýtur því að vera að reyna enn betur að jafna aðstöðu sjúklinga sem þurfa að glíma við sjúkdóma og þurfa að ferðast um langan veg til lækninga.

Þá er nú verið að auka fjármuni til reksturs hjúkrunarheimila. Samhliða er hugað að öðrum þáttum í rekstri hjúkrunarheimila, stórra sem lítilla stofnana okkar á þessu sviði – um land allt.

Samgöngur og fjarskipti

Þá skal að síðustu nefnt hér að framlög til samgöngumála hafa

verið aukin, okkur öll skiptir máli að nú er aukið viðhald vega og nýjar framkvæmdir verða raunin. Fátt skiptir meira máli en að hægt sé á ný að hefja sókn í því sviði.

Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði, sem lýkur á næstu mánuðum, er einnig dæmi um forgangsröðun verkefna til að efla samkeppnishæfni landshlutans. Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði hefur verið stærsta einstaka framkvæmd í fjarskiptum sem ríkið hefur stutt á liðnum árum.

Það er mikilvægt að varðveita stöðugleikann. Að kaupmáttur sem nú hefur fengist og þær launahækkningar sem samið hefur verið um skili sér til launþega. Nota á aukið svigrúm til að bæta innviði okkar. Þannig byggjum við á góðum grunni.

Árangurinn talar fyrir sig.

Haraldur Benediktsson

Höfundur skipar 1. sæti

framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi.

– Sjónarmið –

Finnbogi Hermannsson



Hugleiðing um körina og aðskilnaðarstefnu gagnvart gömlum og veslum

Við erum víst 40.000 gamalmenni á Íslandi um þessar mundir og höfum kosningarétt. Og við skulum hafa í huga að margt hefur verið gert fyrir okkur gamla fólkið eins og það er orðað. Því eigum við gamla fólkið að vera þakklátt fyrir það sem fyrir okkur er gert og minnst þess þegar við setjum X-ið við listabókstafinn á kjördag. Samt þurfum við mörg að gá á almanakið að þeim fyrsta í næsta mánuði og fresta því þangað til að kaupa lyfin okkar. Þetta er kallað velferðarsamfélag. Nú liggur fyrir alþingi frumvarp um almannatryggingar sem stjórnarliðar hampa mjög og telja byltingarkennt. Þegar farið var að grína í frumvarpið reynist það nær sama gamla japlíð bara með öðru orðalagi. Öryrkjabandalagið frábað sér frumvarpið eftir nánari skoðun og velferðaráðherra varð foj. Enn þá skal gamalmennum bönnuð vinna án þess að skatturinn hirði aðra hverja krónu. Gengið er enn lengra en áður með grunnlífeyrinn og þeir sem kreista 400 þúsund út úr lífeyrissjóði fá alls engan grunnlífeyri sem er reyndar skoplítil upphæð.

Á heimilinu er manneskja sem telst öryrki. Hún hefur fengið greitt úr lífeyrissjóði og þar á móti úr almannatryggingakerfinu. Verði einhverjar breytingar á útborgun hjá öðrum, stekkur hinn til um leið – og gjugg í borg – við læknum. Öryrkinn skal lifa við fátækramörk hvernig sem allt snýst. Og það hefur alltaf verið kvíðæfni á heimilinu að skera upp umslög frá þessum apparötum. Reyndar er stutt síðan að skömmunarstjórnir hættu að taka mið af tekjum maka til að skera niður greiðslur hjá hinum sem var hámark niðurlægingar.

Þegar kaupgjald hækkaði í vor á Íslandi og launþegar fengu afturvirkar greiðslur fannst ráðamönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks auðsætt að öryrkjar og aldraðir nytu ekki þeirra kjara. Nú fyrir haustkosningar fóru einhverjir þingmenn stjórnarflokkanna að harma þessa niðurstöðu og reita hár sitt. Einn þeirra var Karl Garðarsson úr Framsóknarflokki. Slíkt er heldur létt í vasa öryrkja og gamalmenna. Í framtíðaráætlun stjórnarflokkanna sem lögð var fram í síðasta mánuði eru aldraðir og öryrkjar enn bónbjargafólk. Engin viðurkenning á mannréttindum þeirra. Þeir eiga ekki

að standa jafnfætis fólki á öðrum aldri sem þjóðfélagsþegar. Þeir geta búist við því að vera teknir út fyrir sviga hvenær sem er. Því er nauðsynlegt að stjórnmalaflokkar með slíka aðskilnaðarstefnu gangvart öldruðum verði sniðgengnir í kosningunum um mánaðamótin. Ekki bara af þeim sem eru aldraðir og öryrkjar núna heldur öllum sem vilja sjá mannréttindi virt á Íslandi.

Körin

Öldum saman var körin viðurkennd þjóðfélagsstofnun á Íslandi. Í *Innansveitarkróníku* minnst Halldór Laxness á körina. Finnbjörg gamla á Hrírsbrú í Mosfellssveit hafði legið í körinni í 18 ár það menn töldu þar sem frásögnin hefist. Samt fylgdist hún með öllu bæði innanbæjar og utan og staða hennar í körinni var virt fullkomlega og með virðingu. Hún geymdi sjóðar heimilisins ef einhver var og hélt utan um sykurlúsina á bænum.

Svokölluð öldrunarstefna nútímans gerir ráð fyrir því að gamalmenni hirst heima hjá sér sem lengst og fái það sem kallast heimilishjálp. Mörgum hentar það ágætlega en svo eru dæmi um að sá búskapur jaðri við körina til forna. Makar og ættingjar að

sligast undan fargi sem væri betur komið á öldrunarheimili.

Svona til upplýsingar þeim stjórnmalamönnum sem haldið hafa uppi aðskilnaðarstefnu gagnvart öldruðum og stunið undan tilvist þeirra og heimtu-frekju þá voru mikil harðindi á Íslandi á tíundu öld. Mátti þó ekki líkja ástandinu við Ísland eftir hrun sem var nógu slæmt þótt ekki væri það gaddurinn. Norður í Skagafirði var það dæmt á samkomu af héraðsmönnum, og fyrir sakir hallæris og svo mikils sultar sem á lá var lofað að gefa upp fátæka menn, gamla og veita enga hjálpu, svo þeim er lama var eða að nokkurru vanhættir og eigi skyldi herbergja þá. En þá gnúði á hinn snarpasti vetur með hriðum og gnístandi veðrum. Á nútímamáli þýðir þetta að aldradír og öryrkjar hafi verið settir á guð og gaddinn og látnir deyja drottni sínum.

Þá tók Þorgerður kerling til orða

Arnór kerlingarnef Bjarnarson bjó þá á Miklabæ í Óslandshlíð og var mestur höfðingi út um sveitir. Þegar hann kom heim af samkomunni þar sem öldruðum og öryrkjum skyldi úthýst af bæjum sagði hann tíðindin. Móðir hans Þorgerður Þórisdóttir tók

þetta óstíntt upp og kvað son sinn samsekan þeim sem upp-tökin áttu að gerningnum. Tjáði hún fyrir honum með mikilli skynsemd og mörgum sannlegum orðum hversu óheyrilegt og afskaplegt það var að menn skyldu selja í svo grimman dauðann föður sinn og móður eða náfrændur sína. Arnór skildi góðfýsi móður sinnar og tók vel ásakan hennar. Gerðist hann þá mjög áhyggjufullur hvað er hann skyldi að hafast. Tók hann þá það ráð að hann sendi þegar í stað sína menn um hina næstu bæi að safna saman öllu gamalmenni því er út var rekið og flytja til sín og lét þar næra með allri líkn. Blés síðan til fundar í héraði þar sem fyrri ákvörðun var afturkölluð og upp úr því gerði sunnanvind og blíðar sólbráðir. Mætti svo þessi dæmisaga verða mönnum minnileg þeim sem véla um kjör aldraðra og öryrkja í þessu landi í bráð og lengd.

Heimildir: *Innansveitarkrónika* HKL Helgafell 1970 og *Svaða þáttur og Arnórs kerlingarnefs*, höf. Ókunur. Skuggsjá 1971.

*Finnbogi Hermannsson
sló þetta saman.*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



1.279
kr. 900 g

ES Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g



498
kr. kg

Danpo Kjúklingur
Danskur, heill, frosinn



1.279
kr. 700 g

Úrbeinuð kjúklingalæri
Rose Kjúklingalæri
Frosin, úrbeinuð, 700 g

GOTT VERÐ Í BÓNUS



1.698
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk
Ferskt



198
kr. pk.

Heima Basmati Hrisgrjón
Í suðupokum, 5x100 g



259
kr. pk.

PP Hvítlauksbrauð
10 sneiðar, frosið



98
kr. 1 l

Trönumberjasafi, 1 l
Eplasafi, 1 l



98
kr. 65 g

Olw Popcorn
Sjávarsalt, 65 g



98
kr. 330 ml

Ceres Hvítöl
Danskt, 330 ml

ATTRALUX LED LJÓSAPERUR



398
kr. stk.

Attralux Ljósapera
LED, E27, 5,5W=40W.



498
kr. stk.

Attralux Ljósapera
LED, E27, 8W=60W.



98
kr. 63 g

Nissin Núðlusúpa
63 g



98
kr. stk.

Mars, Snickers,
Bounty eða Twix



398
kr. stk.

Attralux Ljósapera
LED, E27, 3,2W=25W.



398
kr. stk.

Attralux Ljósapera
LED, GU10, 4,7W=50W.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 16. október eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Hagsmunir okkar – hagsmunir þeirra

Hún er heit, umræðan um fiskeldi og ekki einfalt fyrir leikmann að átta sig á hvað er rétt og raunverulegt og hvað er hreinræktuð hagsmunagæsla. Eru firðir Noregs grútmengaðir og ónýtir, er erfðamengun villta laxins í Noregi jafn mikil og hættuleg og af er látið, er eldislaxinn uppfullur af óhollum efnum og varla hæfur til manneldis, eru sjúkdómar í eldiskvíum sem halda þarf niðri með allskyns lyfjum, er laxalúsinn allt að drepa og eru lög og reglur um fiskeldi í Noregi miklu strangari en á Íslandi? Þetta eru mikilvægar spurningar vegna þess að bara eitt þá við þeim ætti að duga til að endurskoða allar áætlanir um fiskeldi á Vestfjörðum.

Hin hliðin segir okkur að íslensk lög og reglur séu sambærileg þeim norsku, á Íslandi séu engir sjúkdómar í laxeldi og engin lyfjanotkun, lúsín sé kuldaskræfa og þrífist ekki hér á hjaranum, kvíarnar séu af fínustu sort og eftirlit með ágætum.

Hvað skal segja og hverju skal trú, eru greinar með stórkaralegum lýsingum af hörmungum í laxeldi gott innlegg í umræðuna, á Eric Clapton bara að veiða annars staðar eða á Eiríkur Örn að passa sig á að þegja því annars verði mannorð hans svert í útlöndum og hann úthrópaður sem umhverfissóði. Hvað með regnbogasilunginn sem nú veidist víða um land, langt frá silungskvíum, af hverju hefur enginn tilkynnt um slysasleppingu? Hvar var eftirlitið, reglurnar og hver ber ábyrgð? Hvað með nýrnaveiki í Tálknafirði, er það ekki sjúkdómur í sjúkdómafrú fiskeldi! Hvað með erfðamengun villtra laxastofna við landið, er áhættan raunveruleg eða uppblásin? Ef hún er raunveruleg, er þá fórnarkostnaður af mikill eða ásættanlegur? Eru kvíar úti í firði meiri sjónmengun en malbik og hús, búum við í ósnortinni náttúru eða í mannabyggðum eins áður nefndur Eiríkur Örn orðsnillingur og verðlaunarithöfundur komst að orði.

Það er þó eitt sem er alveg öruggt, fiskeldisfyrirtækin eru ekki í góðgerðarstarfsemi og stöku stangveiðimenn missa ekki svefn yfir bágu atvinnuástandi Vestfjarða. Það skiptir öllu máli fyrir okkur hér í fögrum fjallasölum er að ástær eftirlitsiðnaðurinn (heiti þeirra sem þola ekki að lög og reglur trufla vinnandi menn) standi í fæturna, að þeir sem stunda fiskeldið hlýði undanbragðalaust öllum reglum, þar með talið tilkynningum um slysasleppingar og sjúkdóma. Að arður af þessari auðlind Vestfjarða renni til okkar sem hér búum og verði nýtt til að létta okkur lífið en renni ekki allt í örfáa feita vasa.

Það er að segja, ef vísindin geta staðfest að fiskeldi sé heppileg atvinnugrein á Vestfjörðum og valdi ekki óafturkræfu tjóni á náttúrunni.

BS

Spurning vikunnar

Ætlar þú að kjósa sama framboð og síðast?

Alls svöruðu 324

Já, sögðu 107 eða 33%

Nei, sögðu 113 eða 35%

Ætla ekki að mæta á kjörstað, sögðu 22 eða 7%

Hef aldrei kosið áður, sögðu 1 eða 0%

Ekki búin að taka ákvörðun, sögðu 81 eða 25%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Best í heimi!



Inga Björk Bjarnadóttir.

Samfylkingin – jafnaðarmannaflokkur Íslands lofaði á dögum að reisa á Íslandi besta heilbrigðiskerfi í heimi og fannst mörgum ansi vel í lagt. Hvernig á að fjármagna svona digurbarkalegt loford?

Staðreyndin er sú að það er mikil misskipting auðs hér á landi. Í umfjöllun Kjarnans frá því í síðustu viku kemur fram að ríkasta 10% landsmanna á 64% auðsins. Restin, það er 36% auðsins, deilist á 90% þjóðarinnar. Þá er áætlað að um 600 milljarðar séu í skattaskjólum sé miðað við meðaltal annarra landa. Á sama tíma hefur kostna-

aðarþáttaka almennings aukist úr 10% í 20% á þremur áratugum og útgjöld heimilanna hafa hækkað mun hraðar en útgjöld hins opinbera. Hlutfall fólks sem sleppir heilbrigðisþjónustu er einnig mun hærra hér en á Norðurlöndunum. Þegar við veikjumst eða slösumst eigum við ekki að þurfa að hafa fjárhagsáhyggjur.

Þetta ætlum við meðal annars að gera:

- Tryggja gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu í skrefum. Sjúklingar greiði ekki meira en 35.000 kr. fyrir lækisþjónustu

strax á næsta ári.

- Stórbæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og gera sálfræðiþjónustu ókeypis fyrir ungt fólk.

- Eyða biðlistum.

- Byggja upp heilsugæsluna og gera sálfræðiþjónustu aðgengilega þar.

- Ljúka uppbyggingu Landspítala við Hringbraut.

- Tryggja heilbrigðisþjónustu um allt land með öflugar stofnanir í hverjum fjórðungi.

Svona ætlum við að greiða fyrir það:

- Tryggja þarf framlag tekjuhærrí hópa og stóreignafólks til samfélagsins í gegnum skattkerfið.

- Það hefur verið stefna Samfylkingarinnar frá stofnun að bjóða upp kvótann. Þannig er almenningi best tryggðar sanngjarnar tekjur af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Methagnaður hefur verið í sjávarútvegi undanfarin ár en á sama tíma hafa veiðigjöld verið lækkuð.

- Álag á heilbrigðiskerfið hefur aukist mikið með auknum fjölda ferðamanna. Nýtum hluta teknanna til uppbyggingar þess.

Við getum gert betur í sameiningu. Kjósum betra heilbrigðiskerfi fyrir notendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana. Kjósum besta heilbrigðiskerfi í heimi. Kjósum jafnaðarmenn.

Inga Björk Bjarnadóttir, 2. sæti lista Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi

Síðasta ganga ársins hjá ferðafélaginu

Nú styttist í síðustu göngu ársins hjá Ferðafélagi Ísfirðinga. Þá verður gengið hina nýju varnargarða ofan við efrabyggðina á Ísafirði. Ferðina átti að fara laugardaginn 8. október en hefur henni verið frestað til laugardagsins 15. október og hefst þá ferðin klukkan 10:00 rétt fyrir utan Grænagarð, gengið verður eftir varnargörðunum og endað á Hlíðarvegi 48 þar sem boðið verður upp á kjötsúpu og smábrauð. Rögnvaldur Óskarsson er fararstjóri í ferðinni og mun hann bæði tæpa á sögu ofanflóða og segja frá gerð garðanna.

annska@bb.is



Skemmtilegt útsýni er af varnargörðunum yfir Skutulsfjörðinn og Djúpið, það verður þó kannski ögn haustlegra um að litast en á þessari mynd í göngu FÍ.

Östurinn úr sveitinni



ÍSLENSKUR

GÓÐOSTUR

- BARA GÓÐUR -

Á hverjum degi færir sveitin okkur hreina gleði.
Við erum að tala um náttúrulega hollustu, vináttu
sem vex og dafnar — og Góðost ofan á brauð.



Hálft tonn af kartöflum úr görðum Gróanda



Um hálft tonn af kartöflum kom upp úr görðum Gróanda í ár.

Mikil stemning var í grænmetisgörðum Gróanda þegar boðað var til uppskerudags. Vaskir Gróanda-liðar tóku til hendinni og hreinsuðu upp úr görðunum allt sem mátti og var uppskera þessa fyrsta starfsárs með miklum ágætum er um það

bil hálft tonn af karöflum kom úr moldinni. Er þá ótalið allt það salat og kryddjurtir sem félagmenn hafa vikulega getað sótt síðan í sumar, sem og rófur og gulrætur sem einnig voru teknar upp á laugardaginn. Að uppskeru lokinni var haldinn haustfagnað-

ur þar sem félagsmenn gerðu sér glaðan dag og snæddu saman.

Hildur Dagbjört segist afar ánægð með uppskeruna „það vex vel á svæðinu og næsta sumar lofar enn betur, þar sem frekar seint var sett niður í ár. Vonir mínar fyrir svæðið eru góðar.“ Einnig segir Hildur Dagbjört sem staðið hefur í ströngu í sumar að verkefnaálagið muni dreifast betur næsta sumar þar sem tveir starfsmenn verða ráðnir í hlutastörf við garðana. Ekki liggur alveg ljóst fyrir hvernig fyrirkomulagið verður á næsta ári en ákvörðun verður tekin um það á aðalfundi félagsins sem verður haldinn síðar í mánuðinum.

Ekki er allt búið enn því ennþá er hægt að ná sér í salat og grænkál í garðinum, félagsmenn þurfa bara að muna að senda magntölur á Hildi.

annska@bb.is




Góð stemning var á Gróandasvæðinu er félagsmenn á öllum aldri unnu við uppskeruna.

Gísli á Uppsöllum
Þingeyri
laugardaginn 22. október kl.15.00
Miðasölusími: 891 7025
Tilboð fyrir hópa



Kómedíuleikhúsið



Hildur Dagbjört Arnardóttir.



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA



Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðjublaðinu

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ



40% afsláttur

KAINDL

1.373 kr/m²
~~2.289 kr/m²~~

Harðparket - Austurísk gæði
Eikarplanki AC4 bandsagað, 8 mm.
147071



PÚ SPARAR: 16.910 KR

Pvottavél
FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690

59.990 kr
~~76.900~~



PARKET ÚTSALA

20-40% afsláttur af ÖLLU parketi

25% afsláttur



1.492 kr/m²
~~1.990 kr/m²~~

Harðparket - Þýsk gæði
Eik, ljós, 3ja stafa, 8 mm.
147100

28% afsláttur



2.995 kr/m²
~~4.190 kr/m²~~

Viðarparket
Eik, rústik, 3ja (3,2 mm spónn).
146899

35% afsláttur



9.941 kr
~~15.295 kr~~

Blöndunartæki
Pine með hárrí sveiflu.
8000032

20% afsláttur



2.396 kr
~~2.995 kr~~

Jotun vegg- og loftamálning 3 ltr.
7119781-83

Pönnudagar
25% afsláttur af öllum BEKA pönnum



2.249 kr
~~2.999 kr~~

25% afsláttur

Panna
Non-stick húð.
2006405

Matar- og kaffistell
Aida Café, 30 stk.
2000419



4.990 kr
~~7.990 kr~~

37% afsláttur

aida
daily design

25% afsláttur



10.100 kr
~~12.637 kr~~

Kaffivél Chester
10 bollar, 1000W.
1840057

19.995 kr
~~28.995 kr~~

31% afsláttur

Hleðsluborvél
18V, högg, 2 stk.
Li-ion rafhlöður.
5245557



Súpertilboð

Blómavals



ALLAR POTTAPLÖNTUR 30% AFSLÁTTUR



Byggjum á betra verði

www.husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavéki. Úval getur verið mismunandi milli verslana.

Vestfirskir listamenn

Steingerður Guðmundsdóttir
F. 12. október 1912 á Ísafirði.
D. 12. júlí 1999 í Reykjavík.

Öndvegisverk: Blær, 1972, Börn á flóttu, 1974, Fjúk, 1985.



Nafn vestfirsku listakonunnar Steingerðar Guðmundsdóttur hljómar líklega ekki kunnuglega fyrir þér lesandi góður. List hennar hefur því miður ekki verið mjög áberandi í listaflóru landsins enda var hún sjálf svo sem ekki mikið fyrir Séd og heyrta taktík einsog margir kollega sinna með miklum brávu og eigin húrrahrópum. Sérhæfa sig í að vera við hverja listopnun eða stórafmæli kollega, bara til að fá af sér mynd í Hverjir voru hvar

dálknum sívinsæla. Steingerður var sérlega fjölhæf listakona hún var ekki bara leikkona heldur og virt skáld og meira að segja gaggari. Hún er þó einkum þekkt fyrir ljóð sín og að vera sá listamaður sem hafði hve mest áhrif á einleikjasögu landsins á síðustu öld.

Steingerður fæddist á Ísafirði 12. október 1912, dóttir Guðmundar Guðmundssonar, er kallaður var Skólaskáld, og Ólínu Þorsteinsdóttur. Listin var fyrirferðamikil á æskuheimilinu og ekki leið á löngu þar til Steingerður steig dans við listagyðjuna. Seinna átti hún eftir að minnst gengina listamanna í ljóðum sínum. Má þar nefna Kjartal, Tómas Guðmundsson og Önnu Borg. Þegar Steingerður var 11 ára, 1922, steig hún fyrst á leiksvið. Það var í leikritinu Himnaför Hönnu litlu eftir Gerhard Hauptmann hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Leikhúsið heillaði hana strax og leiðin lá loks í Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar, leikara. Áður hafði

hún stúderað höggmyndalist hjá Einari Jónssyni en varð að hætta því sökum heilsubrestra. Að loknu námi hjá Lárusi lá leiðin til menningarborgar Bandaríkjanna, New York, hvar hún innritaðist í The American Academy of Dramatic Arts. Einnig stundaði hún ballet- og látbragðsleik. Á námsárnum vaknaði áhugi hennar á einleikjaforminu og reyndar var hún hvött til þess sérstaklega af einum kennara sinna að hún ætti mikið erindi í þetta mest krefjandi form leiklistarinnar sem einleikurinn er.

Með einleikinn í farteskinu kom hún heim til Íslands og kynnti hann fyrir landsmönnum. Vorið 1947 hélt hún sérstaka einleikssýningu í Iðno og ritaði Halldór Laxness leikdóm um sýninguna og sagði þar m.a. „Ég er sannfærður um að íslenska leikhúsinu bætist góður liðsmaður í Steingerði Guðmundsdóttur. Samvisskusemi, smekkvísi og nákvæmni virðist henni í blóð borið, og hún hefur í list sinni fengið skólun sem ætti að geta

orðið undirstaða alvarlegs listastarfs. Engin sem sá leik hennar á föstudagskvöld þarf að efast um að hún hafi þetta eina prósent gáfna móti 99 prósentum vinnu sem útheimtist til að vera listamaður.“

Lítið framhald varð á einleikjasýningum hennar í leikhúsi þrátt fyrir gott gagg skáldsins á Gljúfrasteini. Hún snéri sér hinsvegar að útvarpinu og flutti þar marga frumsamda einleiki næstu árin. Hlutverk hjá atvinnuleikhúsunum urðu fá, aðeins tvö hjá Leikfélagi Reykjavíkur og eitt í Þjóðleikhúsinu. Árið 1974 gaf Steingerður út einleikjasafnið Börn á flóttu sem inniheldur sjö af leikjum hennar. Í formála fylgir hún bókinni úr hlaði með því að segja stuttlega frá einleikforminu og segir þar m.a.

„Listform þetta er mjög knappt, þar sem aðalatriðin geta einvörðungu komið fram- og aukapersónur þurfa að birtast skýrar og lifandi fyrir hugskoti áhorfenda eða hlustenda gegnum túlkun og einbeitingu einnar



persónu. Yevreynoff (rússneskur leikhúsmaður sagður höfundur einleiksformsins) heldur því fram að þetta sé afar fullkomið leikform, m.a. vegna þess, að það veiti leikhúsgestum óvenju gott tækifæri til þess, að auðga ímyndunaraflíð, þar geti áhorfandinn á auðveldan hátt orðið þátttakandi í leiknum. Hann setur það frumskilyrði við sköpun einleiksþátta, að aðalpersónan túlki sálræna reynslu sína. Jafnframt þarf hún að endurspegla viðbrögð annarra persóna, við þeirri reynslu, persóna sem ekki eru á sviðinu.“ Þessi bók Steingerðar er löngu uppseld en með heppni má fá hana í fornbókabúðum og eins ætti hún að vera til á bókasöfnum. Einsog áður var getið er Steingerður einnig þekkt sem ljóðskáld. Alls sendi hún frá sér sjö slíkar bækur auk ljóðasafnsins Bláin, frá árinu 2004 er inniheldur úrval ljóða Steingerðar. Hún samdi einnig nokkur leikrit og komu tvö þeirra út á bók, Rondo og Nocturne. Steingerður starfaði jafnframt sem leiklistargagnrýnandi á seinni hluta sjötta áratugarins og þóttu dómur hennar mjög vandaðir. Ekki voru þó allir sáttir um gagg hennar sem er nú svo ekkert nýtt í hinum viðkvæma leikhúsheimi. Sjálfu þjóðarleikhúsinu sárnaði svo rosalega einn dómur hennar að þeir neituðu henni um frímiða á næstu frumsýningu leikhússins. En gaggarar fá alla jafna frímiða á allar uppfærslur atvinnuleikhúsanna. Enda eru gagnrýnendur mikilvægir leikhúsinu þrátt fyrir að skrif þeirra verði ávallt umdeild. Þegar blóðin hætta að birta gagnrýni Steingerðar hélt hún samt áfram að rýna í verk leikhúsanna og sendi dómanna bara beint í videigandi leikhús. Steingerður Guðmundsdóttir var sannarlega einfari sem var óhrædd við að fara sínar eigin leiðir í listinni. Það hefur ekki alltaf verið vinselt sérlega ekki meðan á því stendur en oft er það svo að þess verður betur minnst eftirá. Steingerður Guðmundsdóttir giftist aldrei og eignaðist ekki börn. Hún andaðist í Reykjavík 12. júlí 1999.

Stjórnsýsluhúsið Ísafirði

HÚSVARSLA

Rekstrarnefnd Stjórnsýsluhússins á Ísafirði óskar eftir tilboðum í húsvörslu í stjórnsýsluhúsinu að Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Hægt er að nálgast útboðsgögn hjá eftirtöldum aðilum sem jafnframt veita frekari upplýsingar um húsvörsluna:

Karl Ingi Vilbergsson, kiv01@logreglan.is

Þórdís Sif Sigurðardóttir,
thordissif@isafjordur.is

Guðni Ólafur Guðnason, gudnig@vis.is

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson,
hallgrimur.magnus.sigurjonsson@
islandsbanki.is

Skila skal tilboðum til ofangreindra aðila fyrir kl. 16 mánudaginn 31. október 2016

Orkusalan gefur öllum sveitarfélögum hleðslu- stöð fyrir rafbíla

Fyrirtækið Orkusalan hefur ákveðið að gefa öllum sveitarfélögum á landinu hleðslustöð fyrir rafbíla. Með framtakinu er ætluð fyrirtækisins að gera rafbílaeigendum það auðveldara að ferðast um landið en hingað til hefur það verið illmögulegt vegna fárra hleðslustöðva á Íslandi. Eftir að stöðvarnar sem Orkusalan ætlar að gefa verða settar upp geta eigendur rafbíla keyrt hringinn í kringum landið, með fullan rafgeymi. Hafliði Ingason, sölustjóri Orku-

sölunnar, segir fyrirtækið með þessu vera að ýta mikilvægum bolta af stað, sýna samfélagslega ábyrgð og skila þannig sínu í innviði landsins. Þetta eru í kringum 80 stöðvar sem við gefum, verkefnið er komið í fullan gang og von er á stöðvunum til landsins á næstunni,“ segir Hafliði.

Að sögn Orkusölunnar er reiknað með að leiðin vestur á firði verði vörðuð hleðslustöðvum í lok október eða byrjun nóvember.

Kristín Björg nýr forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða



Kristín Björg Albertsdóttir.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur skipað Kristínu Björgu Albertsdóttur forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða frá 1. nóvember næstkomandi. Hæfnisnefnd mat Kristínu hæfasta úr hópi fjögurra umsækjenda. Kristín er forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Hún er fædd árið 1963 og lauk prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1987. Síðar hóf hún nám í lögfræði við sama skóla og lauk MA-prófi í lögfræði árið 2008.

Í fréttatilkynningu frá Velferðarráðuneytinu segir að hæfnisnefnd segi Kristínu Björgu uppfylla afar vel skilyrði auglýsingar um menntun og starfsreynslu. Hún hafi verulega þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu, stjórnunar og reksturs, sé gædd góðum leiðtogahæfileikum, hafi á ferli sínum sýnt að hún sé í stakk búin til að takast á við vandasöm og krefjandi verkefni og sé leiðtogi með brennandi áhuga á umbótum í heilbrigðisþjónustu: „Kristín Björg hefur



Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði.

gegn forstjórarstarfi við HSA undanfarin þrjú ár og náð góðum árangri í rekstri, starfsmanna- og gæðamálum“ segir einnig í umsögn hæfnisnefndar.

Kristín hefur á starfsferli sínum meðal annars starfað við hjúkrunarráðgjöf hjá Læknavaktinni, verið deildarstjóri við Heilbrigðisstofnunina á Egilsstöðum og hjúkrunarforstjóri í

afleysingum, hún starfaði um árabil við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, meðal annars sem aðstoðardeildarstjóri, sem hjúkrunarforstjóri heilsugæslu við Heilbrigðisstofnunina á Seyðisfirði og einnig við Heilsugæsluna á Fáskrúðsfirði. Þá hefur Kristín gegnt starfi fulltrúa hjá Sýslumanninum í Reykjavík.

annska@bb.is



BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUSTARF

Í tengslum við aukið umfang og opnun á skrifstofu Arctic Fish á Ísafirði auglýsir félagið eftir starfskrafti í 100% hlutfall á skrifstofu félagsins sem getur hafið störf sem fyrst.

UM ARCTIC FISH

Arctic Fish og dótturfélög þess eru með silungs- og laxeldisstarfsemi í Tálknafirði, Dýrafirði, Öndarfirði og á Ísafirði. Fyrirtækið hóf starfsemi árið 2011 og hefur vaxið jafnt og þétt en í dag starfa um 20 manns við seiðaeldi, sjóeldi og stjórnun, allt að 20 við vinnslu eldisafurða og þá starfa um 10 manns við byggingarframkvæmdir á nýrri fullkomnri endurnýtingar seiðaeldisstöð á Tálknafirði. Seiðaeldisstöðin er mikilvægur grunnur að frekari uppbyggingaráformum félagsins á Vestfjörðum en Arctic Fish starfar eftir hinum virta alþjóðlega umhverfisstaðli ASC. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.arcticfish.is

STARFSLÝSING

- Vinna við bókhald félagsins
- Ýmis skjalagerð við inn- og útflutning fyrirtækisins
- Ýmis skjalagerð og utanumhald upplýsinga varðandi starfsemi félagsins
- Önnur almenn skrifstofustörf þátttaka í öðrum verkefnum eftir þörfum.

HÆFNISKRÖFUR

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á bókhaldskerfum er nauðsynleg
- Góð tölvukunnátta æskileg og þá sérstaklega Excel og Word

UMSÓKNIR

Umsóknir skal senda rafrænt með tölvupósti á Shiran Þórisson á nst@afish.is sem veitir einnig nánari upplýsingar um starfið. Umsóknum á að fylgja starfsferilskrá (hámark 2 síður) og einnar síðu kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með 17. október 2016.

Vestfirðir eru í sókn



Gunnar Bragi Sveinsson.

Undanfarið hef ég verið bjartsýnn fyrir framtíð Vestfjarða. Helstu ástæður þessarar bjartsýni eru nokkrar, stórbæting er að verða á grunninnviðum svo sem í samgöngum, fjar-skriptum og raforkuöryggi og atvinnuástandið fer batnandi. Þessu til vitnis er verið að

samþykkja samgönguáætlun sem felur í sér Dýrafjarðargöng og vegagerð á Dynjandisheiði, Teigsskógi, Veiðileysuhálsi og Seyðisfjarðarvegi svo eitthvað sé nefnt. Í þar síðustu viku undirritaði iðnaðarráðherra reglugerð sem gerir Landsneti kleift að setja niður afhendingarstað á raforku í

Ísafjarðardjúpi fyrir m.a. Hvalá og Austurgilsvirkjun sem er fyrsti áfangi í hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum. Í sumar hefur svo verið unnið við að leggja ljósleiðara í Ísafjarðardjúpi sem vitnar um átak stjórnvalda um að ljósleiðaravæða Ísland. Allar þessar aðgerðir miða að því að styrkja undirstöður samfélagsins á Vestfjörðum.

En betur má ef duga skal. Í vor skipaði forsætisráðherra nefnd sem vinna átti aðgerðaráætlun fyrir Vestfirði til þess að koma sjónarmiðum heimamanna að í áætlunargerð hins opinbera. Nefndin var leidd af forsætisráðuneytinu en hana skipaði fjölbreyttur hópur heimamanna ásamt fulltrúum frá Fjórðungs-sambandi Vestfjarða. Nefndarmenn unnu mjög gott starf á stuttum tíma og hafa dregið fram hvað brennur helst á heimamönnum eftir samtöl við atvinnulífið, sveitarfélögin og íbúa. Skýrslan var afgreidd úr ríkisstjórn þann 20. september og eru tillögurnar tvískiptar, annars vegar minni verkefni sem geta komið til framkvæmda hratt og hins vegar

stærri innviðaverkefni sem ráðuneytunum ber að taka tillit til í sinni áætlunargerð.

Nú er það okkar ráðherra og stjórnvalda að hlusta á vilja heimamanna og taka þessar tillögur til framkvæmda. Þær tillögur sem snúa að mér eru komnar í farveg eða bíða afgreiðslu ríkisstjórnar en þar má nefna samfélagsmiðstöð á Þingeyri, enn frekari niðurgreiðslu á flutningskostnaði fyrirtækja og miðstöð fiskeldis á Vestfjörðum.

Sem ráðherra byggðamála þá höfum við í mínu ráðuneyti verið að velta við mörgum steinum í því augnamiði að finna leiðir til að bæta upp aðstöðumun á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfarið á því fól ég Byggðastofnun að útfæra tillögur um skattalegar ívilnanir í byggðalegum tilgangi. Slíkar aðgerðir hafa reynst vel í nágrannalöndum okkar – og þá sérstaklega í Noregi. Við erum meðal annars að horfa til lækkunar á tryggingargjaldi því lengra sem dregur frá höfuðborginni, lækkun á ferðakostnaði fyrir þá sem þurfa að sækja vinnu langar

leiðir og afslátt á námslánum á veikum svæðum. Það var sérstaklega ánægjulegt í framhaldi af því að sjá tillögu Vestfjarðarnefndarinnar sem fjallaði um að Vestfirðir yrðu tilraunastaður fyrir slíkar tillögur og er ég mjög áfram um að svo verði.

Ég ítreka að róttækar byggðaðgerðir líkt og skattaívilnanir eru engin ölmusa heldur réttlætismál – að rétt sé gefið. Öflug byggðastefna er tækifæri fyrir íslenskt samfélag til að auka verðmætasköpun og framfarir. Það er út frá þessum punkti sem ég vil taka umræðuna um byggðamál. Öflug landsbyggð gefur höfuðborginni þrótt. Og að sama skapi er kraftmikið höfuðborgarsvæði landsbyggðinni mikilvægt til frekari sóknar. Hvorugt getur án hins verið!

Að öllu framantöldu er hægt að segja að tækifærin blasi við og verkfærin eru til staðar. Kraftmikil sókn er hafin á Vestfjörðum.

Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs, landbúnaðar og byggðamálaráðherra og oddviti Framsóknar í NV kjördæmi



Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna kosninga til Alþingis laugardaginn 29. október 2016

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna kosninga til Alþingis 29. október 2016 hófst 21. september 2016.

Hjá Sýslumanninum á Vestfjörðum má greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofum embættisins sem hér segir:

Ísafirði, Hafnarstræti 1, virka daga kl. 9:30 - 12:00 og 12:30 - 15:30.

Bolungarvík, Aðalstræti 12, virka daga kl. 10:00 - 15:00.

Hólmavík, Hafnarbraut 25, 2. hæð, virka daga kl. 09:00 - 12:00 og 13:00 - 15:30.

Patreksfirði, Aðalstræti 92, virka daga kl. 09:30 - 12:00 og 13:00 - 15:30.

Þegar nær dregur kjördegi verða settar inn á vef sýslumanna, www.syslumenn.is. upplýsingar um fleiri kjörstaði, um atkvæðagreiðslu á sjúkrahúsum og dvalarheimilum í umdæminu og eftir atvikum lengdan afgreiðslutíma.

- Kjósandi skal gæta að hvar hann er á kjörskrá, en nálgast má upplýsingar um það á vefnum www.island.is.
- Kjósandi skal, áður en hann greiðir atkvæði utan kjörfundar, gera kjörstjóra grein fyrir sér með því að framvísa vegabréfi, ökuskríteini, nafnskríteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra.
- Öllum sem eru skráðir á kjörskrá er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá hvaða sýslumanni sem er óháð búsetu eða lögheimili.
- Ósk um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, þarf að hafa borist hlutaðeignadi skrifstofu sýslumanns eigi síðar en þriðjudaginn 25. október nk. kl. 16:00.

*Ísafirði, 10. október 2016.
Jónas Guðmundsson, sýslumaður.*



KAFFISTOFUVÖRUR



HNÍFAR



HREINSIEFNI



WC-PAPPÍR OG ELDHÚSRÚLLUR



EINNOTA HANSKAR



PLASTPOKAR - MARGAR GERÐIR



GÓLFKLÚTAR OG TUSKUR



PAPPÍRSVÖRUR



NILFISK ATVINNUTÆKI

Fjölbreytt úrval af rekstrarvörum fyrir fyrirtæki

Hjá útibúi Olís í Bolungarvík fást allar almennar rekstrarvörur auk Nilfisk atvinnutækja og bílavara.

Samferða síðan 1927

Búðarkanti 2 • 415 Bolungarvík • Sími 456 7990 • umbol@olis.is • olis.is





Sölubúðin fær nýja glugga

Ísafjörður er bær með ríkulega sögu og má í því sambengi nefna hversu fjölbreytta flóru byggingarlistar er hér að finna og hafa íbúar undanfarna áratugi verið að gera upp mikið af þeim gömlu húsum sem bera í kjöl-

farið sögunni æ glæsilegra vitni. Hæstikaupstaður, skipar stóran sess í sögu Ísafjarðar, þar sem Hæstakaupstaðarverslun var fyrr á öldum. Elsta húsið er frá upphafi verslunarsögu þar, Faktorshúsið, sem reist var af Björgvinjarmönn-

um árið 1788, en þeir reistu þar einnig fleiri hús, meðal annars sölubúð sem rifin var árið 1873 er ný sölubúð var byggð í hennar stað á tímum kaupmannsins Hans A. Clausen. Fleiri stunduðu þar verslun í kjölfarið, en árið 1928

má segja að eiginlegri tíð Hæstakaupstaðarverslunar sem slíkrar hafi lokið. Húsin týndu tölunni og önnur lágu undir skemmdum. Nokkuð er síðan að Faktorshúsið var tekið í gegn, spýtu fyrir spýtu og nokkru seinna var farið í að

taka í gegn sölubúðina.

Meðfylgjandi mynd var tekin á dögnum er smiðurinn Hæi eða Hávarður Bernharðsson var við vinnu við að setja nýja glugga á miðhæð þess reisulega húss.

annska@bb.is

Granít Steinar

Sendum út um allt land að kostnaðarlausu



Með lukt, áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 303.900



Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 309.900



Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 239.900



Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 119.900

Granítsteinar.is - Helluhrauni 2 - Hafnarfjörður - Sími: 544-5100

Símaverið sigraði fyrirtækjamót Ívars



Linda Björk Pétursdóttir og Elmar Björgvin Skúlason hömpuðu sigri á fyrirtækjamóti Ívars í boccia. Þau kepptu fyrir hönd Símafersins á Ísafirði.

Hið árlega fyrirtækjamót íþróttafélagsins Ívars fór fram í íþróttahúsinu á Torfnesi um helgina. Verulega góð þátttaka var á mótinu er þrjátíu tveggja

mannu lið öttu kappi sín á milli. Úrvalsstemning var á mótinu og segir Harpa Björnsdóttir formaður félagsins að ávallt ríki góður andi á mótinu, þar sem margir

keppa í allrahanda búningum og lærðir og leiknir í íþróttinni takast á í bróðerni.

Til úrslita í ár kepptu lið frá Hópferðamiðstöð Vestfjarða ehf og Símaferinu og hafði Símaferið betur og bar sigur úr býtum og hlutu þau Linda Björk Pétursdóttir og Elmar Björgvin Skúlason sem liðið skipuðu einnig verðlaun fyrir hæstu samanlagða stigatölu. Veitt voru verðlaun fyrir bestu búninga og var það liðið HG 1 sem fékk þau verðlaun. Ísafjarðarhöfn hlaut verðlaun fyrir bestu liðsheildina og segir Harpa það enga leið fyrir aðra að slá út einstaka samvinnu Guðmundar M. Kristjánssonar og Hjalta Þórarinssonar. Vélsmiðja Ísafjarðar hlaut svo verðlaun fyrir bestu tilþrif nýliða.

Fyrirtækjamótið hefur verið helsta fjáröflun Ívars, allt frá því það var fyrst haldið árið 2002 og segir Harpa það miklu máli skipta. „Bæði er þetta fjáröflun en það sem er öðruvísi við þetta fyrirtækjamót en önnur almennt



Þau hömpuðu sigri: Lið HG1 fyrir búninga og lið Ísafjarðarhafnar fyrir liðsheild.

er að við viljum gefa fyrirtækjunum kost á því að vera með smá hópefli og taka þátt í leiknum sem allir hafa gaman af. Þetta er því líka kynning á íþróttagreininni boccia og eftir að hafa tekið þátt gerir fólk sér því betur grein fyrir

um hvað er verið að tala þegar það koma fréttir af Íslandsmótum í boccia.“ Segist hún jafnframt vilja þakka öllum sem tóku þátt fyrir stuðninginn og hlakka til að sjá sem flesta að ári.

annska@bb.is



Skipa starfshóp um komur skemmtiferðaskipa

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að stofna starfshóp til að móta tillögur að stefnu og framtíðarsýn bæjarins um þjónustu við skip og hafnsækna starfsemi. Sérstök áhersla verður lögð á stefnumótun vegna komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðarbæjar og samspil þeirra

við aðra starfsemi hafnarinnar og þjónustu í sveitarfélaginu. Það voru þeir Daníel Jakobsson (D), Kristján Andri Guðjónsson (Í) og Marzellíus Sveinbjörnsson (B) sem lögðu fram tillöguna sem var samþykkt á bæjarstjórnarfundum á fimmtudag.

Starfshópnum verður falið að

skoða:

1. Staðan í dag og horfur. Hver er framtíðarsýn og óskir Ísafjarðarbæjar um fjölda skemmtiferðaskipa, stærð þeirra og dreifingu yfir árið. Skoða skal afstöðu bæjarbúa og áhrif komu skemmtiferðaskipa á líf íbúa og aðra starfsemi í sveitarfélaginu.

2. Þarfagreining. Miðað við niðurstöðu úr lið 1. verður greint hvaða þörf er á uppbyggingu til lengri tíma til að þjónusta skemmtiferðaskip, önnur skip og hafnsækna starfsemi verði til fyrirmyndar og sjálfbær til framtíðar þannig að hagar samfélagsins af starfsemiinni verði sem mestur.

Starfshópurinn verður skipaður þremur kjörnum fulltrúum, einum fulltrúa frá Ferðamálasamtökum Vestfjarða og einum fulltrúa frá starfshópi um skipulag iðnaðarsvæðis á Sundabakka. Með starfshópnum starfa hafnarstjóri og sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.



Sportið í beinni...

fimmtudagur 13. október

19:05 Grindavík - Haukar
21:00 Safeway Open

föstudagur 14. október

18:25 Bor. Dortmund - H Berlin
18:40 Cardiff - Bristol
19:45 Tindastóll - Þór Ak.
21:00 Safeway Open
22:00 Körfuboltakvöld

laugardagur 15. október

11:20 Chelsea - Leicester City
13:50 Arsenal - Swansea City
14:10 Barcelona - Deportivo
14:55 F1: Æfing - Bandaríkin
16:10 Man City - Everton
16:20 Cr Palace - W Ham Utd
16:25 W Bremen - B Leverk
16:25 A Villa - Wolverhampton
17:50 F1: Tímat - Bandaríkin
18:30 WBA - Tottenham
18:30 Stoke City - Sunderland
18:40 Real Betis - Real Madrid
19:40 Bournemouth - Hull
21:00 Safeway Open

sunnudagur 16. október

12:20 Middlesbr - Watford
14:50 Southampton - Burnley
18:30 F1: Keppni - Bandaríkin
20:20 G B Packers - D Cowb
21:00 Safeway Open

mánudagur 17. október

18:40 Upphitun Enska úrvals
19:00 Liverpool - Man United
20:00 Keb Hana Bank Champ
21:00 Messan

þriðjudagur 18. október

18:15 Meistaradeildarmessan
18:40 Real Madrid - Legia
18:40 Lyon - Juventus
18:40 B. Leverkusen - Tottenh
18:40 Leicester - Köbenhavn
20:45 Meistaradeildarmörkin

miðvikudagur 19. október

18:15 Meistaradeildarmessan
18:40 Arsenal - Ludogorets
18:40 Barcelona - Man City
18:40 B. Munchen - PSV
18:40 P St. Germain - Basel
19:05 Stjarnan - Valur
20:45 Meistaradeildarmörkin
02:30 CIMB Classic Golf

Helgarveðrið

Á föstudag:

Fremur hæg suðaustlæg átt og léttir víða til, en skýjað og dálítil rigning suðaustanlands. Hiti 6 til 12 stig að deginum.

Á laugardag:

Hæg breytileg átt og bjart með köflum, heldur kólnandi veður.

Á sunnudag:

Heldur vaxandi austlæg átt og úrkoma suðaustan- og austanlands. Skýjað og úrkoma með köflum en lengst af þurr norðan jökla. Hiti 3 til 8 stig.

Krossgátan

		FORN- GYÐINGUR	UPPSKRIFT	FEIKN	ÁTT	NUGGA	NÚNA
	BÚ- HYGGINN						
	STYRKJA				TVEIR EINS		
					DEYJA		
	AUGNHÁR				FLÍK		
				ÍÞRÓTT			
SKORA						ÖXULL	
LJÓMI							
	↓	STÖÐVUN	KANN SJÚK- DÓMUR		RÆNU- LEYSI		
					ORÐTAK		
ALDRADI					ÓFOR- SJÁLNI		SKJÖN
					LEIKFANG		
FISKUR				HÓL			ÁHRIFA- VALD
				GÁSKI			
TVEIR EINS			ÆTA			TÆFA	
			TÓN			HIMNA	
HAMINGJA				KROT			NESODDI
							ÚTUNGUN
ARINN				SNURFUSA			
				TRUFLA			BOTN- KRAKI
		FITA			HAKA		
		HINDRUN			ÁFERGJA		
LOFT- TEGUND				LJÁ			MARDAR- DÝR
				STEIN- TEGUND			
KOMAST			ÁREYNSLA			KVERK	
			FRÆND- BÁLKUR			KUSK	
LÍFGA					FRÁ		DRYKKUR
							SKÓLI
AFSPURN					LÍÐUGUR		
BÓK				YFIR- KONUNGUR			

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Áðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Vestrastelpur í æsi- spennandi úrslitaleik

	VERKFERI	RÁÐAGERÐ	MÁLA	Á FÆTI	NAFNÓT	SVELG
AGN	T	Á	L	B	I	T
VAFI	E	F	I	HÓPUR	L	I
				ILMUR	Í	Þ
HAGNYTA	N	O	T	A	RÖD	T
				FÖLNA	U	
EIDI	G	R	A	N	D	I
					PÁPI	
↓	VERALDAR- SIÐUR	SVÖRD	KRINGUM BÓK- STAFUR	ÍPRÓTT TÍU	G	O
TALA	N	Ú	M	E	R	PILLA
					GRÚS	T
FRUM- EIND	A	T	Ó	M	KJAFI	M
				TÓNLIST	UNN	N
ÍPRÓTTA- FÉLAG	F	H	M	J	Ö	G
		AFAR			SPENDÝR	A
		FYRSTUR			AFGANGUR	P
BJARG- BRUN	N	Ö	F	A	L	UR
		SÍLL			RÖN	Ú
		MJÓLKUR- VÁRA			GLUNDUR	R
FRÁ- RENNSLI	A	F	R	Á	S	VOTVIRI
					LIBORMUR	R
					REGN	N
					FISKUR	
		FISKUR			USS	S
		PLÁSS			TRÉ	S
STEFNA	I	S	M	I	G	Á
					HÓFDÝR	T
					ATLAGA	Æ
ÁTT	S	V	R	A	L	L
		SVALL			BLESSUN	L
		REIK			ANGRA	Á
GEINSER	T	Æ	R	S	A	M
				EINS		A
				ÓNEFNDUR		R
					SLÁ	Á
					SJUK- DOMUR	R
ÖTULL	I	Þ	I	N	N	U
				UTANMÁL	M	M
					Á	L
					R	A
DUGHADUR	I	Þ	N	I	R	A
				AFUR- ENDI	S	S

Sudoku þrautir

	7	6	2		3	5	8	
	1	5				9		
2	9		8	5				
6			1	3			5	2
		2		4	8	7	1	9
	4	9					3	
9	2	1	4		5			7
5		4				2		
			9		6	1	4	
				6		8		9
			7			3	1	6
		9		8	1			
		4	9		6			7
		1				5	8	
				4			2	1
8		5						
	9	2		7				8

Körfuboltastelpurnar í 8. flokki Vestrastelpu á sínu fyrsta fjölídamóti vetrarins í Bolungarvík um síðustu helgi. Stelpurnar stóðu sig með mikilli þryði og greinilegt er að þessi flotti hópur er í mikilli framför undir handleiðslu Nökkva Harðarsonar, þjálfara og Adams Smára Ólafssonar, aðstoðarþjálfara.

Á laugardag léku stelpurnar tvo leiki sem þær sigruðu örugglega. Haukar lágu í fyrsta leik, staðan í leikslok 29-14 fyrir Vestra.

Seinni leikurinn var gegn Stjórnunni, lokatölur 33-26 fyrir Vestra. KR vann einnig báða sína leiki á laugardeginum og því var ljóst að Vestri og KR léku til úrslita á sunnudegi. Leikir þessara liða hafa ætíð verið spennandi og úrslit ekki ráðist fyrr en á lokasekúndunni. Þannig var það einnig í þetta skiptið. Hart var barist í leiknum og mikið skorað. Þegar aðeins sjö sekúndur voru eftir af leiknum var staðan jöfn. Þá fengu Vestra stúlkur víti sem Katla María tók og setti bæði niður. Sigurinn blasti því við en KR-ingar náðu frábærri lokasókn og settu niður þriggja stiga körfu



Stúlkurnar ásamt Nökkva þjálfara.

þegar aðeins tvær sekúndur voru eftir. Úrslitin því ljós, KR sigraði 48-49 og fer upp í A-riðil.

Vestra stelpur geta borið höfuðið hátt eftir mótið. Það er ljóst

að þetta lið er í hópi 6 bestu liða landsins í þessum aldurshópi og nú tekur við að æfa vel fyrir næsta fjölídamót sem fram fer í nóvember.

Starf hjá Lyfju Ísafirði



Lyfja Ísafirði leitar að sjálfstæðum og metnaðarfullum starfsmanni.

Starfið felst í sölu og ráðgjöf til viðskiptavina við val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra auk annarra tilfallandi verkefna. Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf sem fyrst.

Um er að ræða starf alla virka daga 14-18 og fjórða hvern laugardag 10-13.

Hæfniskröfur: Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

Nánari upplýsingar gefur Jónas Þór, lyfsali Lyfju Ísafirði í síma 456-3009 (jonas@lyfja.is).

Umsóknir sendist í gegnum heimasíðu Lyfju hf, lyfja.is, í Lyfju Ísafirði eða á netfangið jonas@lyfja.is

smáar

Lítill ísskápur með frystihólf til sölu. Kælir mjög vel. Verð kr. 5.000. Á sama stað er til sölu lítill lyftingabekkur. Verð kr. 5.000. Uppl. í síma 897 2153

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Þjónustuauglýsingar

HS HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær niðring sjávarauðlinda

FRÍ HEIMSENDING Í NETVERSLUN.IS TIL EINSTAKLINGA ÚT OKTÓBER*



ÞRÁDLAUS GLEÐI

SONY **BOSE**
plantronics.



SNJÖLL HUGMYND

Lenovo moto



MAGNAÐAR MINNINGAR

SONY Canon



SKEMMTILEGAR STUNDIR

SONY **BOSE**

*Sé verslað fyrir 15 þúsund eða meira, annars er heimsendingargjaldið aðeins 990 kr.
Gjaldskrá Póstsins gildir um heimsendingu á sjónvörpum.

NÝHERJI ER LEIÐANDI FYRIRTEKI Á SVIDI UPPLÝSINGATÆKNI

Við höfum góða reynslu af framtíðinni